

Ed.

41. Frumvarp til laga

[39. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

3. mgr. 7. gr. orðist svo:

Eigi skal reikna orlofsfé af orlofslaunum og orlofsfé.

Við 7. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Vangreitt orlofsfé má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1973, nema fyrri liður 1. gr., sem öðlast gildi 1. jan. 1973. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 16 16. febrúar 1943, um orlof, og lög nr. 8/1957 og lög nr. 68/1964, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við setningu laga nr. 87/1972 um orlof var gert ráð fyrir því, að taka upp nýtt kerfi og afnema orlofsmerkin og orlofsbækurnar frá og með 1. maí 1973. Hið nýja kerfi er í því fólgið, að launagreiðandi skal skila orlofsfé, sem honum ber að greiða, til næstu pósthöðvar innan þriggja daga frá útborgun vinnulauna, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Reikningshald vegna orlofsfjárins fer fram í skýrsluvélum og hver launþegi fær reikningsyfirlit ársfjórðungslega yfir orlofsfé sitt.

Við samningu reglugerðarinnar kom í ljós, að nauðsyn ber til að gera breytingar á gildandi lögum um orlof, sem felast í frumvarpi þessu.

Um 1. gr.

Breyting á 3. mgr. 7. gr. laganna er samkvæmt kröfu Sjómannasambands Íslands.

Í reglugerð þeirri, sem sett hefur verið um orlof með hinu nýja kerfi, er gert ráð fyrir, að Póstur og sími hlutist til um innheimtu á vangreiddu orlofi. Til þess að auðvelda slíka innheimtu þykir nauðsynlegt að ákveða, að vangreitt orlofsfé megi innheimta með lögtaki.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum skal greiða allan kostnað við orlofsmerki og orlofsbækur úr ríkissjóði. Samkvæmt hinni nýju skipan fellur þessi kostnaður niður. Þótt gera megi ráð fyrir, að vextir af orlofsfé í vörzlu Pósts og síma hrökkvi fyrir kostnaði við skýrsluvélavinnu og aðra framkvæmd hins nýja kerfis, þykir þó rétt að regla greinar þessarar verði lögfest.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa.